

Reglugerðir með nýjum lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

8. nóvember 2018

Skrifstofa félagsþjónustu

Birna Sigurðardóttir sérfræðingur



Reglugerðir með lögum nr. 38/2018

- » **Reglugerðir með lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.**
- » Reglugerð um notendastýrða persónulega aðstoð skv. 11. gr.
- » Reglugerð um starfsleyfi til félagasamtaka, sjálfseignarstofnana og annarra þjónustu- og rekstraraðila sem veita þjónustu við fatlað fólk skv. 7. gr.
- » Reglugerð um eftirlit og eftirfylgni vegna þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir skv. 4. gr.
- » Reglugerð um biðlista, forgangsröðun og úrræði á biðtíma eftir þjónustu skv. 8. gr.
- » Reglugerð um starfsemi og aðbúnað á skammtímadvalarstöðum skv. 17. gr.
- » Reglugerð um búsetu fyrir börn með miklar þroska- og geðraskanir skv. 21. gr.
- » Reglugerð um breytingu á reglugerð um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk nr. 370/2016.



Reglugerðir með lögum nr. 38/2018

- » Undirbúningur vinnu við smíði reglugerðanna hófst á haustmánuðum 2017.
- » 46 þátttakendur í starfshópum og komu sumir að vinnu við fleiri en eina reglugerð. Fulltrúar frá eftirtöldum aðilum áttu fulltrúa í starfshópunum:
 - ✚ Átak – félag fólks með þroskahömlun
 - ✚ Barnaverndarstofa
 - ✚ Greiningar- og ráðgjafarstöð
 - ✚ NPA miðstöðin
 - ✚ Reykjavíkurborg
 - ✚ Samband íslenskra sveitarfélaga
 - ✚ Samtök félagsmálastjóra
 - ✚ Þroskahjálp
 - ✚ Öryrkjabandalag Íslands

– Alls voru haldnir 44 fundir með starfshópum.
- » Samráðsgátt í júní – ágúst 2018.



- » **Reglugerð um biðlista, forgangsröðun og úrræði á biðtíma eftir þjónustu skv. 8. gr.**
 - Markmiðið er að biðtími eftir samþykktri þjónustu verði sem minnst íþyngjandi fyrir notanda
 - Umsókn fer á biðlista ef samþykkt þjónusta getur ekki hafist innan þriggja mánaða frá samþykkt umsóknar.
 - Áhersla er á samráð á biðtíma og leiðbeiningar um önnur úrræði.
 - Skv. reglugerðinni skal veita skal umsækjanda aðra viðeigandi þjónustu, svo sem í formi notendasamnings, meðan beðið er eftir að þjónustan sem samþykkt hefur verið hefjist.
 - Reglugerðin fjallar ekki um umsóknarferlið.
 - Reglugerð þessi gildir ekki um biðlista eftir húsnæðisúrræði skv. 9. gr. laganna – en gerðar verða breytingar á reglugerð 370/2016 um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk m.t.t. þess.
- » **Reglugerð um starfsemi og aðbúnað á skammtímadvalarstöðum skv. 17. gr.**
 - Markmiðið er að tryggja að starfsemi og aðbúnaður á skammtímadvalarstöðum fyrir fötluð börn, ungmenni og eftir atvikum fullorðið fólk taki mið af aldri þeirra, aðstæðum og stuðningsþörf.
 - Áhersla á gæði þjónustunnar, valdeflingu, þjónustuferli séu skýr og auðskiljanleg notendum og fjölskyldum þeirra.
 - Gerðar séu einstaklingsbundnar þjónustuáætlanir ef við á.
 - Gert er ráð fyrir að þjónustutími geti verið allt frá hluta úr degi og upp í 15 sólarhringa á mánuði
 - Ekki heimild í lögnum til að setja í reglugerð ákvæði um stuðning á heimili barns sem fjallað er um í 17. gr. laganna.



- » **Reglugerð um búsetu fyrir börn með miklar þroska- og geðraskanir skv. 21. gr.**
 - Markmiðið að afmarka umgjörð um þjónustu og búsetu barns með miklar þroska- og geðraskanir.
 - Áhersla er lögð á að gera barni kleift að búa í nærsamfélagi fjölskyldu sinnar eins og unnt er og viðhalda sambandi við fjölskyldu sína.
 - Gert er ráð fyrir að að jafnaði sé eitt barn á heimili á hverjum tíma, þó að hámarki tvö.
 - Lögð er áhersla á samfellu í þjónustu frá 18 ára aldri m.a. að tryggja viðunandi búsetu.
 - Þjónustuteymi, sbr. 12. gr. laganna ber ábyrgð á að gerð sé einstaklingsbundin þjónustuáætlun.
 - Alla jafna skal barn eiga lögheimili hjá foreldrum sínum.
 - Sérfræðingateymi sbr. 20. gr. laganna metur hvort búsetan sé barninu fyrir bestu.
 - Ekki er heimild í lögnum að setja í reglugerð ákvæði um sérfræðingateymið sem kveðið er á um í lögnum.

- » **Reglugerð um notendastýrða persónulega aðstoð skv. 11. gr.**
 - Fjallað um meðferð umsókna um NPA, skipulag og framkvæmd.
 - Ábyrgð á ráðningum aðstoðarfólks og hlutverk þeirra.
 - Umsýsluleyfi og hlutverk og skyldur umsýsluaðila.



- » **Reglugerð um starfsleyfi til félagasamtaka, sjálfseignarstofnana og annarra þjónustu- og rekstraraðila sem veita þjónustu við fatlað fólk skv. 7. gr.**
 - Starfsemi félagasamtaka, sjálfseignarstofnana og annarra aðila sem falla undir ákvæði III. og IV. kafla laganna skal hafa gilt starfsleyfi.
 - Gildir einnig um aðila sem reka starfsemi sem ekki er lögbundin en hefur það að meginmarkmiði að veita fötluðu fólki sértæka aðstoð og þjónustu.

- » **Reglugerð um eftirlit og eftirfylgni vegna þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir skv. 4. gr.**
 - Með eftirliti er stuðlað að því að skuldbindingar á sviði mannréttindamála, laga og reglugerða nái markmiðum sínum.
 - Sveitarfélögum skylt að láta ráðuneytinu hafa upplýsingar og gögn sem nauðsynleg eru vegna eftirlits.



Takk fyrir

